

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalín  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. október 2013  
Tilvísun: UST20131000130/bs

### Deiliskipulagstillaga vinnubúðir Bjarnarflagsvirkjunar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps dags. 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Deiliskipulagið tekur til vinnubúða sem settar verða upp vegna framkvæmda við Bjarnarflagsvirkjun. Afmörkuð er 4 ha lóð á hluta af athafnasvæði Kísiliðjunnar. Allt það svæði sem deiliskipulagið tekur til hefur þegar verið raskað. Áætlað er að búðirnar verði fjarlægðar eigi síðar en 2020.

Um lagning og veitukerfi segir m.a. í greinargerð tillögunnar: „Gerð, frágangur og rekstur fráveitu og rotþróa skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir ( Umhverfisstofnun 2004 ) og Samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. „Skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.“ ( Reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.“ Að undanskildum sjónrænum áhrifum sem viðbót við mannvirki Kísiliðjunnar munu hafa í för með sér, gæti rekstur vinnubúða haft í för með sér aukið álag á vatnasvið Mývatns og Laxár. Ef staði verður að meðhöndlun skólps eins og að ofan greinir ætti að vera unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum sem rekstur vinnubúða gæti haft í för með sér. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst  
Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur